

Lagning háspennustrengs og ljósleiðara í Bláfjöllum

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 26. febrúar 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veitum ohf. um fyrirhugaða lagningu háspennustrengs og ljósleiðara í Bláfjöllum, Kópavogi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Kópavogsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lagning háspennustrengs og ljósleiðara að skíðaskála í Kóngsgili í Bláfjöllum. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit, febrúar 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Kópavogsbæ með bréfi dags. 26. mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 22. mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 20. mars 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með tölvubrési dags. 13. mars 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. mars 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubrési dags. 26. apríl 2018.
- Vegagerðinni með tölvubrési dags. 10. apríl 2018.

Framkvæmdaraðili hélt kynningarfund um framkvæmdina með fulltrúum heilbrigðiseftirlits og Skipulagsstofnunar þann 12. mars 2018. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfum dags. 19., 21 og 27. mars og 17. apríl.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé á grann- og fjarsvæði vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og innan Bláfjallafólkvangs. Skipta megi lagnaleiðinni í grófum dráttum í tvennt, annars vegar 9 km kafla meðfram Bláfjallavegi og hins vegar 2,6 km kafla frá Bláfjallavegi að skíðaskála Fram. Svæðið meðfram Bláfjallavegi sé töluvert raskað vegna vegagerðar. Það einkennist að mestu leyti af ógrónu landi, sandi og mól en þar fyrir utan taki við hraunbreiður tengdar Húsfellsbruna á stórum hluta leiðarinnar. Utan hraunbreiða sé ógróið eða lítt gróið land. Frá Bláfjallavegi víki lagnaleiðin inn á sléttlendi neðan við skíðaskálann sem einkennist af litlum gróðri, sandflákum og röskun vegna fyrri framkvæmda.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdanna sé að leysa núverandi háspennulínu af hólmi vegna tíðra bilana og rafmagnstruflana sem orsakist af slæmum veðurskilyrðum. Lengd strengsins og ljósleiðarans sé alls um 11,6 km og dýpt á streng verði 1,0 – 1,2 m. Lögnunum verði að mestu komið fyrir um 4 m frá vegöxl Bláfjallavegar. Lagnaleiðin sé þannig valin til þess að komið sé í veg fyrir



óþarfa rask á nútímahraunum og til að vinnuvélar þurfi ekki að fara út af vegöxlinni. Sérútbúin jarðýta verði notuð til að plægja strengi niður og hjólagrafa með skóflu fari á eftir til að ganga strax frá. Einnig verði tæki til að draga kapalvagn. Á nokkrum stöðum á leiðinni verði þó að grafa fyrir lögnum. Í lok verks verði gengið frá framkvæmdasvæðinu, gert sé ráð fyrir að frágangur á gróðurþekju verði nánar útlistaður í útboðsgögnum verksins og val tegunda til uppgræðslu verði í samráði við gróðursérfræðing.

Fram kemur að Bláfjallavegur liggja um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, að stærstum hluta um fjarsvæði en á um 1,4 km kafla um grannsvæði. Í gildi sé samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla fyrir höfuðborgarsvæðið nr. 555/2015. Af þeim sökum sé mikilvægt að lágmarka allt rask vegna framkvæmdanna og því sé valin sú leið að plægja lagnirnar niður í vegöxl eins og mögulegt sé. Endanleg útfærsla muni byggja á áhættumati og starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

4 UMHVERFISÁHRIF

Vatnsverndarsvæði og jarðmyndanir

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að þar sem leiðin liggja utan vegsvæðis verði eftir fremsta megni fylgt röskuðu svæði. Ekki verði um að ræða rask á nútímahraunum né öðrum vernduðum jarðmyndunum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsvernd kunni helst að verða vegna hættu á olíuleka frá vinnuvélum á framkvæmdatíma. Með því að fylgja öryggisreglum um verndarsvæði vatnsbóla, ásamt virku eftirliti með tækjum og vinnuvélum og takmörkun á flutningi olíu og annarra mengandi efna, megi koma í veg fyrir óhöpp. Ef óhöpp verði þá sé gripið til nauðsynlegra aðgerða. Áhættumat verði gert í tengslum við umsókn um framkvæmdaleyfi. Ávinningur gagnvart vatnsvernd svæðisins sé ótvíræður þar sem ferðir til viðhalds og viðgerða á loftlínunni verði úr sögunni og um leið sú áhætta sem fylgi slíkum ferðum. Í ljósi framangreinds sé talið að heildaráhrif á vatnsverndarsvæði verði óveruleg á framkvæmdatíma en verulega jákvæð til lengri tíma litið.

Kópavogsbær telur í umsögn sinni að gera þurfi grein fyrir forsendum framkvæmdanna, upplýsingum um orkuþörf í dag og sem strengnum er ætlað að anna til framtíðar. Kortleggja þurfi legu núverandi strengja á skipulagssvæði bæjarins við Bláfjöll ásamt upplýsingum um gæði, tegund, aldur og aðrar tækniupplýsingar. Mikilvægt sé að lagning strengsins sé innan þess svæðis sem þegar hafi verið raskað. Bærinn leggi áherslu á að ekki verði rask á hraunbreiðum og að ekki sé óþarflega mikið magn olíu og eldsneytis á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis leggja til í umsögnum sínum til að niðurrif eldri loftlínu verði skoðað samhliða áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis telur að skapa megi þá umgjörð um boðaða framkvæmd að hún skaði ekki öryggi neyslumatnsöflunar. Framkvæmdaraðili muni sækja um starfsleyfi fyrir allri framkvæmdinni, þ.e. til lagningar háspennustrengs, ljósleiðara og til að fjarlægja núverandi loftlínu og að skila þurfi áhættumati til heilbrigðisnefndar sem nái bæði til framkvæmda og reksturs.

Umhverfisstofnun segir í umsögn sinni að þar sem vikið sé frá veginum sé farið um lítt gróið sléttlendi að skíðaskála Fram. Fyrirhugaðri lagnaleið hafi verið raskað vegna vegagerðar og ýmissa framkvæmda tengdum skíðaiðkun í Bláfjöllum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í dag sé hámarksálag samkvæmt mælingu Veitna um 1 MW. Álag á núverandi háspennuloftlínu skiptist annars vegar á milli skíðastarfseminnar á svæðinu og hins vegar fjarskiptafyrirtækja og ISAVIA sem séu með fjarskiptabúnað á fjallstoppnum. Ekki sé



gert ráð fyrir aukningu orkunotkunar að neinu ráði. Háspennustrengurinn sem verði lagður í jörðu muni geta annað þeirri viðbótarorkuþörf sem gert sé ráð fyrir á næstu árum. Mikilvægt sé að auka rekstraröryggi rafmagns á svæðinu einkum m.t.t. öryggis fyrir ISAVIA vegna flugumsjónar. Háspennustrengurinn muni bæta rekstraröryggi svæðisins mikið og auka við núverandi flutningsgetu. Öryggisreglum sbr. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og starfsleyfis heilbrigðiseftirlits verði fylgt og ásamt virku eftirliti verði áhætta þannig lágmarkuð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að núverandi loftlína sé byggð úr 10 -14 m löngum tréstaum og 3,25 m löngum þverslám úr tré með ýmsum búnaði. Meirihluti efnisins fari í endurvinnslu og staurarnir verði endurnýttir. Vinna við niðurrif felist í því að virlleiðarar og annar búnaður sé losaður af staurunum sem séu síðan felldir með hjálp vélgröfu og fyllt í holuna. Mjög lítið jarðrask verði þar sem ekki þurfi að grafa frá staurunum. Vélgrafan sé útbúin stórum dekkjum til að sem minnst ummerki verði á yfirborði, vélamaðurinn þekki mjög vel til á svæðinu og sé þaulvanur. Staurarnir séu síðan fluttir af vélgröfunni á heppilega staði þar sem vörubíll sæki þá og flytji á brott. Gert sé ráð fyrir því að verkið verði unnið seinniparts sumars því þá sé jarðvegur þurrastur. Þar sem staurar standi á mjög viðkvæmum svæðum verði þeir hugsanlega fluttir á snjó með snjótroðara að vegi. Endanleg útfærsla framkvæmda muni byggja á áhættumati og starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Kópavogsbær, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja ekki að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða sé matsskyld.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Kópavogs 2012-2024.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogs samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan fólkvangs.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða fyrirhugaða lagningu háspennustrengs og ljósleiðara í Bláfjöllum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með framkvæmdunum eru háspennustrengur og ljósleiðari plægðir eða niðurgrafnir á rúmlega 10 km kafla á um 1 m dýpi. Bláfjallalína verður lögð af og fjarlægð að loknum lagnaframkvæmdum. Lítið jarðrask verður við niðurrif Bláfjallalínu og meirihluti efnisins fer í endurnýtingu og endurvinnslu. Svæðið meðfram Bláfjallavegi er töluvert raskað vegna fyrri framkvæmda en frá veginum víkur lagnaleiðin inn á lítt gróið sléttlendi að skíðaskála Fram. Tilgangur framkvæmda er að leysa núverandi háspennulínu af hólmi vegna tíðra bilana, en viðgerðir hafa farið fram við erfiðar aðstæður sem geta valda mengunarhættu. Á móti kemur líkt og framkvæmdaraðili bendir á, að til frambúðar verður ávinningur gagnvart vatnsvernd svæðisins þar sem mengunarhætta sem fylgir ferðum til viðhalds og viðgerða á loftlínunni verða úr sögunni. Skipulagsstofnun tekur undir það. Að



mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar einkum með tilliti til landnotkunar sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun, verndarsvæða einkum þeirra sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd, svæða sem njóta verndar í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og reglugerð um neysluvatn vegna grunnvatnsmengunar. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og upprunalegs gróðurlendis.

Framkvæmdasvæðið er eins og áður segir á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og innan Bláfjallafólkvangs. Lagnaleiðin liggur að hluta um eldhraun tengt Húsfellsbruna sem þegar hefur verið raskað vegna fyrri framkvæmda, en samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga njóta eldhraun sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma sérstakrar verndar. Lagnaleiðin var valin með það í huga að ekki verði meira rask á hrauninu. Skipulagsstofnun minnir á að við leyfisveitingar til framkvæmdanna þarf að uppfylla skilyrði sem tilgreind eru í 61. gr. náttúruverndarlaga.

Framkvæmdirnar geta valdið mengun vatnsbóla en með því að fylgja öryggisreglum samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla ásamt virku eftirliti má koma í veg fyrir slík óhöpp. Eins og fram hefur komið telur Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis að skapa megi þá umgjörð um framkvæmdina að hún skaði ekki öryggi neysluvatnsöflunar.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðana hér að ofan einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og sammögnunar ólíkra umhverfisáhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Áhrif af lagningu fyrirhugaðs jarðstrengs verða varanleg en að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði sem þegar hefur að mestu verið raskað og ekki líkleg til að hafa áhrif á marga. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 19. júní 2018.

Reykjavík, 11. maí 2018

Jakob Gunnarsson

Matthildur B. Stefánsdóttir